

Kvenfél. Akureyrar efna til sundnámskeiðs fyrir konur

Elzti þátttakandinn af þeim ósyndu 62 ára

AKUREYRI, 29. júní.

KVENFÉLÖGIN hér á Akureyri hafa mikinn áhuga fyrir eflingu sundíþróttarinnar meðal kvenna hér í bæ. Hafa þau tekið sig saman og ráðið sér sundkennara. Fyrir þeirra tilstilli hefir eftirfarandi ávarp verið samið.

NÁMSKEIÐ FYRIR ÓSYNDAR KONUR

Á mánudagskvöldið var hófst sundnámskeið fyrir ósyndar og lítt syndar konur. Var ætlunin að öll kvenfélög í bænum ættu hlut að námskeiði þessu. Aðeins fáar konur mættu þó þetta fyrsta kvöld og mun ástæðan vera sú að byrjað var fyrir en auglýst hafði verið áður.

Elzti þátttakandinn sem mætt hefur til þessa af ósyndum konum er 62 ára og hefur aldrei í sundlaug komið. Önnur er 65 ára að aldri og hefur ekki synt í 45 ár.


Sundið er þjóðar íþrótt okkar Íslendinga og sú íþrótt, sem fólk á öllum aldri getur stundað sér til ánægju og hressingar.

Konur góðar! Hefjist handa nú

þegar, takið til sundfötin, gamlir bolir koma að gagni sem nýir. Kennslutímarnir verða á hverju kvöldi frá kl. 7.30—9 og eru tímar þessir eingöngu ætlaðir konum. Nánari upplýsingar eru hjá sundkennaranum frk. Þórhöllu Þorsteinsdóttur í síma 1250 og hjá formönnum kvenfélaganna. Notið þetta sérstaka tækifæri til þess að læra að synda. Reynið síðan að synda 200 metrana.

AKUREYRINGAR LINIR VIÐ SUNDIÐ

Áhugi akureyrskra kvenna fyrir sundíþróttinni er einkar lofsverður og er ekki að efa að hann hefur mikil áhrif. Annars hefur þátttaka Akureyringa í samnorrænu sundkeppninni verið léleg til þessa. — Vignir.



Hundrað manna fóru loftleiðis og landveg austur í sýslur í gær og fyrradag til þess að sjá sólmyrkvann, algjörann. Við Dyrhólaey voru tugir manna saman komnir og sýnir neðri myndin nokkra þeirra á varðbergi uppi á eyinni. — Ljós. Mbl. Ól. K. M tók efri myndina af Dyrhólaey úr lofti.

— SÓLMYRKVINN

Framh. af bls. 1
myrkvans fara með æghraða yfir allbreitt belt af suðurhluta landsins. Fjöldi bifreiða sást á austurleið á þjóðvegnum.

Á SKÓGASANDI

Þrjátíu og sex mínútum eftir að lagt var á stað úr Reykjavík erum við lentir á Skógasandi. Klukkuna vantar nú rúmlega 20 mínútur í tólf. Við bregðum þykku dökkklitudu gleri fyrir augun og horfum til sólar. Jú, sólmyrkvinn gengur samkvæmt áætlun. Vísindamönnum hefur ekki skjátlást. Tunglið er að þoka sér fyrir sólina. Það er rétt eins og það sé að smáeta af henni hægra megin.

BYRJAD AÐ SKYGGJA

Kl. er 11.50. Það er greinilega farið að skyggja og kólna. Þarna á sandinum eru nú 6 flugvélar, þar af tvær stórar Dakotavélar. Hitt eru litlar einkaflugvélar. Samtals munu vera þarna 70—80 manns. Fólk er flest í námunda við vélar. Allir eru með gler fyrir augum og horfa til himins. Gegnum glerið sést hin minnkandi sólskífa. Nú er svo komið að ef horft er andartak til sólar með berum augum þá sést skarðið í hana greinilega.

Við erum að verða hálf loppin. Veður er kyrrt en andvarinn verður að kaldri og óhugnanlegri neþju. Svartur sandurinn, sem við stöndum á verður þungbúnari á svipinn og skruðgrænt landið upp af honum missir smám saman lit sinn. Það skyggir smám saman meira. Sólskífan er orðin örmjó. Útsýnið þrengist. Nú sést varla orðið til Vestmannaeyja. Út við sjóndeildarhringinn bregður kvöldroða á himininn, eins og rétt eftir sólarlag.

TITRANDI SÓLMYRKVARÁKIR BYLGJAST YFIR LANDIÐ

Nú er kl. orðin rúmlega 12. Titrandi sólmyrkvarákir bylgjast yfir landið og gefa umhverfinu einhvern dularfullan og annarlegan svip. Fólk er stendur flest grafkyrrt eins og í ofvæni. Ljósmyndararnir hafa komið sér upp nokkurskonar „rannsóknarstöðvum“ á við og dreif í nágrenninu.

Nú er þess örskammt að biða að sólin almyrkvist. Tunglið hefur gert jarðarbúum þann grikk að leyfa sér að skyggja á hinn mikla orkugjafa þeirra, sem öllu manlegu lífi ræður.

„SÓL TER SORTNA“

Kl. er rúmlega 5 mínútur yfir tólf á hádegis. Sólin hefur almyrkvast. Nokkrar undrandi og litlismegandi verur horfa til himins upp frá Skógasandi á Íslandi. Í sólarstað sjá þær nú aðeins svarta kringlu. En umhverfis hana er örmjór glóandi hringur, sem fögrum geislakrans stafar út frá.

Nú er sem nótt hafi fallið yfir. Stjörnurnar tindra á himni, dimm ský bera við sjóndeildarhringinn og kvöldroðinn má heita horfinn. Allir litir eru horfnir úr landslaginu, túrin eru ekki lengur græn og fólk á sandinum er álangdar séð eins og dökkur skuggi. Manni verður hrollkalt. Örstutta stund, fyrst eftir almyrkvan, er óhætt að horfa berum augum á hina svörtu kringlu, sem milljónir manna beina nú athygli sinni að. Undir Eyjafjöllum blikar rafmagnsljós í bæjarglugga.

Þessi sýn er engu öðru lík, sem nokkrum sinni hefur borið fyrir augu okkar, sem þarna stöndum. Þetta er stórfenglegasta náttúru-fyrirbrigði, sem ég hefi séð, að fráskildu Heklugosi.

Það er sannarlega ómaksins vert að þakka vísindamönnum, sem hafa reiknað það út upp á mínútu, hvenær þessi undur gestast.

BIRTIR Á NÝ

Hinn algeri sólmyrkvi stendur yfir í rúma mínútu á Skógasandi. Að þeim tíma loknum tekur rönd af sólinni að sjást á ný. Og þá birtir undra fljótt. Stjörnurnar dofna og hverfa. Það verður aftur hlýtt og hið myrkvaða belt jarðarinnar nýtur dags og sólar.

Það er upphafningar- og gleðisvipur á fólkinu, sem horft hefur á sólmyrkvann. Við höfum verið vitni að undursamlegu fyrirbrigði, séð myrkur og ljós vikja hvort fyrir öðru á örskömmum tíma, dag og nótt takast í hend-

ur og skilja á ný með furðulegum hætti.

Heimsókninni á Skógasand er lokið. Snæfaxi lyftir sér til flugs og leiðin liggur um loftin blá til Reykjavíkur. Svo biðum við næsta almyrkva á sólu rólegir svo sem eitt hundrað og þrjátíu ár!!

S. Bj.

Helander fyrir Hæstarétt

STOKKHÓLMI, 30. júní — Sænski ríkisákærandinn sagði í opinberri yfirlýsingu, sem hann gaf út í dag, að sök Helanders biskups, sem dæmdur var sekur fyrir niðbréfaskrif sín sé svög augljós, að mjög ólíklegt sé að önnur dómnsniðurstaða verði í Hæstarétti.

Aftur á móti sé vafi um, hvort brottrekstur Helanders úr biskupsembættinu hafi við lög að styðjast. Því mun ákærandinn ekki vera því andvígur, að Helander fái veitta þá beiðni sína um, að málið verði tekið upp í Hæstarétti. — Reuter-NTB.

Truman veikir

KANSAS CITY — Truman fyrrum Bandaríkjaforseti, varð alvarlega veikur á dögum. Læknir hans segir nú að sjúklingurinn sé á batavegi, en muni enn um skeið verða rúmfastur.

AUGLÝSINGAR

sem birtast eiga í

Sunnudagsblaðinu

þurfa að hafa borizt

fyrir kl. 6

á föstudag

Morgunblaðið

Heildarumsetning SIS nam 500 millj. kr. s. l. ár

AÐALFUNDUR Sambands íslenskra samvinnufélaga hófst í gær að Bifröst í Borgarfirði og sækja hann fulltrúar frá 57 kaupfélögum. Sigurður Kristinsson, formaður Sambandsstjórnar setti fundinn og minnst látna starfsmanna og samvinnufrömuða. Síðan var Jörundur Brynjólfsson, alþingismaður, kosinn forseti fundarinn, en Ólafur Þ. Kristjánsson, kennari, varaforseti.

Sigurður Kristinsson flutti skýrslu stjórnarinnar og Vilhjálmur Þór, forstjóri, flutti ýtarlega greinargerð um starfsemi Sambandsins á síðastliðnu ári og lagði fram reikninga þess.

Vilhjálmur skýrði frá því, að rekstur Sambandsins hefði aukizt mikið á síðastliðnu ári og orðið meiri en nokkru sinni fyrr. Vard heildarumsetning SIS 500 milljónir króna, þar af 184,5 milljónir hjá Útflutningsdeild og hafði sú deild ein aukizt veltu sína um 43 milljónir, og 179 milljónir hjá Innflutningsdeild, sem jókst um 11 milljónir. Aðrar stærstu deild-

ir Sambandsins eru Véladeild, sem hafði 36 milljónir króna veltu, Iðnaðardeild með 29 milljónir og Skipadeild með 29 milljónir.

Vilhjálmur Þór gerði ýtarlega grein fyrir rekstri hinna einstöku deilda og afkomu þeirra svo og afkomu Sambandsins í heild. — Hann skýrði frá nýjungum og framkvæmdum ársins, en þrátt fyrir allmiklar framkvæmdir, hefur enn sem fyrr verið fylgt þeirri eglu að ráðast ekki í meiri fjárfestingu en nemur eigin fé og hægt er að fá sérstök lán til.

Haldið hefur verið áfram að auka skipastól Sambandsins og bættist Þísarfell við á árinu 1953, en á þessu ári kom olíuskipið Litlafell og Helgafell hljóp af stokkunum, en það er 3. stærsta kaupskip Íslendinga. Þá skýrði Vilhjálmur frá því, að Sambandið hefði gert fjórar tilraunir til að fá leyfi fyrir kaupum á 16—19 þúsund lesta olíuskipi, en slíkt leyfi hefur enn ekki fengizt. Mun Sambandið halda áfram þessum tilraunum í þeirri von að Íslendingum auðnist að taka olíuflutningana til landsins í sínar eigin hendur.

Fundinum verður haldið áfram í dag.

Galdra-Loftur sýndur í Seattle

LEIKLISTARDEILD háskóla Washington-fylkis í Seattle efndi nýlega til sýningar á Galdra-Lofti Jóhanns Sigurjónssonar í enskri þýðingu frá Jakobínu Johnson. Var leikurinn leikinn í aðalleikhúsi háskólans (University Playhouse), alls þrisvar sinnum og við hinar beztu undirtektir. Leikstjóri var Sherry Selfors, og var leikstjórn hennar þáttur í meistaraþrófi hennar í leiklistarfræðum. Á undan sýningu og í aðalhléinu sýndi frá Jakobína Johnson samkvæmt ósk íslenskrar þækur og myndir og flutti stutt ávarp.

Í bréfi, sem borizt hefur nýlega frá Seattle, er þess getið, hve leikendur hafi verið góðir, hve mikla alúð þeir hafi allir lagt við að skilja leikinn og bera hann fram virðulega og með tilþrifum. Segist bréfitarinn vist aldrei hafa verið staddur þar „sem eins var hljótt og hlustað eftir hverju orði.“

Ánægja með starfsemi Iðnaðarbankans

EFTIRFARANDI samþykktir voru gerðar á Iðninginu á Akureyri varðandi Iðnaðarbankann:

„Sextánda Iðning Íslendinga skorar á hæstvirta ríkisstjórn, að flýta svo sem auðið er lánstöku þeirri til Iðnaðarbanka Íslands, kr. 15 millj., er Alþingi hefir heimilað, og verði lán þetta látið sitja fyrir öðrum lönun, sem síðar eru heimiluð eða ákveðin.“

„Sextánda Iðning Íslendinga lýsir ánægju sinni yfir starfsemi Iðnaðarbankans á fyrsta starfsári hans, og skorar á iðnaðarmenn og styrkja bankann með sparifjár innlögum og öðru því, sem bankanum má verða til heilla.“